

Hestamannafélagið Sóti

Skýrsla æskulýðsnefndar
2017–2018

Elfur Erna Harðardóttir og María Harðardóttir



INNGANGUR

Hestamannafélagið Sóti á Álftanesi er lítið en öflugt félag sem stendur fyrir ýmiss konar viðburðum, einkum yfir vetrarmánuðina. Hlutverk æskulýðsnefndar er að huga að unga fólkinu og skapa þeim sem bestar aðstæður til þess að iðka áhugamál sitt, hestamennskuna, ásamt því að stuðla að tengslamyndun og sterkri liðsheild. Undirstaða félagsins er æskan og því mikilvægt að hlúa vel að henni.

Veturinn 2017–2018 voru krakkar á breiðu aldursbili og ólíku getustigi sem tóku þátt í æskulýðsstarfi Sóta. Ungum krökkum sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku hefur fjölgað og fleiri unglingar voru virkir en undanfarin ár. Þrátt fyrir að börnin væru á ólíkum aldri náðu þau ágætlega saman í leik og starfi og þau voru dugleg að taka þátt í öllum viðburðum á vegum félagsins. Að auki bauð fræðslunefnd Spretts Sótafélaga velkomna á öll reiðnámskeið sem haldin voru hjá félaginu og voru nokkrir af yngri kynslóðinni sem nýttu sér það.

NÁMSKEIÐ

Vetrarstarfið hófst strax í október hjá tveimur ungum stúlkum sem tóku þátt í námskeiðinu „Hestamennska fyrir börn á aldrinum 6–13 ára“ sem haldið var hjá Spretti fyrir og eftir áramót. Kennarar voru Sigrún Sigurðardóttir, Þórdís Anna Gylfadóttir og Henna Sirén. Önnur þessarar tveggja stúlkna tók auk þess þátt í námskeiðinu „Keppnisnámskeið fyrir börn og unglinga“, sem haldið var hjá Spretti eftir áramót. Kennari þar var Hekla Katarína Kristinsdóttir.

Þegar voraði og hægt var að sækja reiðtíma utanhúss, bauð æskulýðsnefnd upp á reiðnámskeið í æfingargerðinu hjá Sóta. Kennari var Sigrún Sigurðardóttir. Þangað mætti börn, unglingar og ungmenni, og að auki nokkrir fullorðnir. Fyrirkomulag var með sama sniði og undanfarin ár, ýmist var um einkatíma að ræða eða paratíma og kennsla miðaðist við getu hvers og eins. Þannig var farið yfir grunnatriði og helstu fimíæfingar hjá þeim sem styttra voru á veg komnir á meðan æðrir fengu þjálfun fyrir keppnir.

Að loknu vörnámskeiði var Sigrún Landsmótsförum Sóta innan handar við undirbúning fyrir Landsmót.



Frá námskeiðinu „Hestamennska“ sem haldið var af Spretti á haust- og vormisseri.

SKEMMTANIR

Þann 8. mars var boðið upp á keilu í Keiluhöllinni Egilshöll og pizzu hjá Shake and Pizza. Öllum Sókakrökkum, unglingum og ungmennum á aldrinum 7–20 ára var boðin þátttaka en þessi viðburður hitti í mark hjá yngri kynslóðinni sem skemmti sér konunglega.

Daginn fyrir páska, 31. mars, hittust Sótakrakkar við félagshúsið og tóku þátt í páskaeggjaleit. Búið var að fela lítil egg víðs vegar um hesthúsahverfið sem krakkarnir hjálpuðust að við að finna og setja í körfu. Að lokinni eggja talningu fengu allir páskaegg.

19. apríl var farið í ratleik sem skipulagður var á vegum skemmtinefndar og tóku bæði börn og fullorðnir þátt. Í apríl hittist síðan yngsta kynslóðin í félagshúsi Sóta í þeim tilgangi að útbúa slím en slíkt hefur verið vinsælt hjá krökkum síðustu misseri.

Skrúðreið hestamanna fór fram 28. apríl. Hún vakti mjög jákvæða eftirtekt í miðborginni og í hana mættu fulltrúar Sóta, meðal annars börn og ungmenni frá 7 ára aldri.



Keiluferð (efri mynd) og páskaeggjaleit (neðri mynd).



Slímgerð (efstu tvær myndir) og ratleikur í apríl.



Fulltrúar ungu kynslóðarinnar í Sóta í skróðreið hestamanna í miðbæ Reykjavíkur.



Á Landsmóti hestamanna 2018. Vigdís Rán Jónsdóttir t.v. og Birna Filippía Steinarsdóttir og Margrét Lóa Björnsdóttir t.h.

MÓT

Unga fólkið lét sig ekki vanta á mót sem haldin voru á vegum félagsins. Um var að ræða þrjá sameiginlega vetrarleika hestamannafélaganna Brimfaxa, Háfeta og Sóta, firmakeppni Sóta og skemmti-paramót Sóta, sem fólst í þrautum í gerði og parakeppni á skeiðvelli. Tvær ungar Sótadömur, þær Birna Filippía Steinarsdóttir og Ásdís Agla Brynjólfsdóttir, tóku þátt í meistarakeppni Líflands og æskunnar þar sem þær öttu kappi við 13–18 ára knapa víðs vegar af landinu. Fjórar stúlkur á aldrinum 10–19 ára kepptu síðan fyrir hönd Sóta á Landsmóti hestamanna í Víðidal, þær Vigdís Rán Jónsdóttir, Ásdís Agla Brynjólfsdóttir, Birna Filippía Steinarsdóttir og Margrét Lóa Björnsdóttir. Vigdís Rán komst í milliriðil í barnaflokki og endaði í 23. sæti. Hinar stúlkurnar stóðu sig einnig mjög vel og voru félaginu til sóma.

AÐ LOKUM

Komandi misseri eru spennandi hjá Hestamannafélaginu Sóta því fyrirhugað er að reisa reiðskemmu við hlið æfingagerðis sem eykur möguleika unga fólksins á að stunda æfingar yfir dimma og kalda vetrarmánuði. Ekki er ólíklegt að með batnandi aðstöðu aukist áhugi barna á hestum enn frekar og því má gera ráð fyrir fjölgun ungra félaga.